



Alþingi

Erindi nr. P 133/564

komudagur 5.12.2006

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2006  
SP/hó

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald o.fl., 357. mál**  
Tilv: 2006120004

Bændasamtökum Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að það hafi sprottið af vinnu starfshóps, sem fjármálaráðherra skipaði sl. vor og "falið var að skoða lög in heildstætt með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin var á framkvæmd þeirra". Þá segir að starfshópurinn reikni með að ljúka störfum á næstunni; þessu frumvarpi sé ætlað að taka á brýnustu vandamálum, en "önmur atriði sem komið hafa til umræðu í starfshópnum og varða kerfisbreytinguna í stærra samhengi verða áfram til skoðunar innan ráðuneytisins".

Bændasamtökin gera engar athugasemdir við þau þrjú meginatriði, sem frumvarpið fjallar um, sem virðast öll horfa til bóta. Hitt veldur vonbrigðum, að enn á ný er flutt frumvarp til breytingar á lögum þessum án þess að tekið sé á endurgreiðslurétti bænda, sem fyrirheit hafa verið gefin um allar götur síðan lög nr. 87/2004 voru sett. Þessu til skýringar er eftirfarandi úr bréfi BÍ til efnahags- og viðskiptanefndar dags. 2. desember 2005, sem fól í sér umsögn um annað breytingafrumvarp við sömu lög, 327. mál á þinginu í fyrra:

*"Hins vegar vilja Bændasamtökin áréttta við nefndina erindi, sem varðar bændur sérstaklega og er svipaðs eðlis og frumvarpið tekur á fyrir aðrar atvinnugreinar.*

*Þegar ofangreind kerfisbreyting var framkvæmd misstu bændur endurgreiðslu vegna nota eigin bifreiða í landbúnaði. Sú endurgreiðsla var framkvæmd gegnum skattkerfið og nam fyrir árið 2002 u.þ.b. 71 þúsund kr. á hvert lögbýli í landinu. Í heild losaði upphæðin 60 milljónir. Öll gögn um þetta mál koma fram í vinnslu frumvarpsins og þeim álitum og greinargerðum sem með frumvarpinu fylgdu. Í nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sagði m.a. um þetta (þskj. 1708 á 130. löggjafarþingi):*


*"Í 4. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, er að finna heimild fyrir endurgreiðslu þungaskatts til bænda. Verði frumvarpið samþykkt mun umrædd heimild falla brott. Leggur 1. minni hluti áherslu á að endurgreiðslurnar sem bændur hafa fengið á grundvelli laganna renni til þeirra í einhverju formi en samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra námu þessar endurgreiðslur 61 millj. kr. árið 2002 og meðalendurgreiðslur á hvern aðila 71 þús. kr. á ári."*

*Ávallt var tekið fram að kerfisbreytingin ætti ekki að hafa áhrif á einstaka hópa landsins og atvinnugreinar, - hvorki til tekjulækkunar eða hækkunar.*

*Starfs- og stjórnarmenn Bændasamtakanna hafa margítrekað þetta erindi og átt fund í fjármálaráðuneytinu, þar sem heitið var úrbótum, en jafnframt sagt að líklega þyrfti lagabreytingu til og að því yrði hugað við endurskoðun laganna í ár. Nú lítur frumvarpið dagsins ljós til lagfæringa fyrir atvinnulífið, en bændur hafa alveg gleymst”.*

Því er skemmst frá að segja, að starfshópur sá, sem undirbjó frumvarpið sem nú er til afgreiðslu, ræddi við fulltrúa BÍ og hafði góð orð um, að á þessu máli yrði fundin lausn. Vonandi verður á því tekið í lokaskýrslu hópsins, en miðað við fyrri reynslu er full ástæða til að draga í efa að svo verði. Bændasamtökin skora á efnahags- og viðskiptanefnd að ganga hart eftir því við fjármálaráðuneytið að móta tillögur um endurgreiðslur í samræmi við margítrekuð fyrirheit ráðuneytisins og skýran vilja nefndarinnar, sem fram kom við samþykkt laganna á sínum tíma.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurgeir Þorgeirsson